



Stjórnarfundur Þekkingarsetursins á Blönduósi 28.4.2015

Dagskrá:

1. Staða mála.
2. Samstarfssamningur við Textílsetur Íslands
3. Ársfundur Þekkingarsetursins
4. Önnur mál

Arnar setti fund kl. 8:30. Mætt eru Arnar Þór Sævarsson, Katharina Schneider framkvæmdastjóri, Valgarð Hilmarsson og Þóra Sverrisdóttir sem ritar fundargerð.

1. Katharina kynnti stöðu mála. Nú er prófatíð og nokkur próf á hverjum degi í námsverinu. Margir fjarnámsnemendur eru í héraðinu. Katharina ræddi auglýsingu í Safnabókina fyrir starfsemina í Kvennaskólanum. Einnig sýndi Katharina drög að bæklingi sem verið er að útbúa fyrir alla starfsemi sem fram fer í Kvennaskólanum. Styrkur fékkst til að halda málþing um Jóhönnu Jóhannesdóttur frá Svínavatni n.k. haust frá Samfélagssjóði Landsvirkjunar. Búið er að sækja um styrk til SSNV v. áætlunar um endurbætur á vefstólum Kvennaskólans.
2. Það er ekki búið að gera samstarfssamning við Textílsetrið vegna ársins 2015 varðandi rekstur og uppbyggingu textíllistamiðstöðvarinnar. Tekjur renna til Textílsetursins í dag.
3. Katharina kynnti ársreikning fyrir árið 2014. Rætt var um hugmyndir um samstarf við Matís. Ákveðið var að halda ársfund Þekkingarsetursins föstudaginn 29. maí kl. 14. Breyta þarf samþykktum Þekkingarsetursins þar sem krafa er gerð frá RSK um varamenn í stjórn.
4. Ákveðið var að auglýsa eftir sumarstarfsmanni fyrir Þekkingarsetrið sem svarar síma, sýnir húsið og sinnir tilfallandi verkefnum. Þóra spurði eftir slow travel verkefni sem Þekkingarsetrið er samstarfsaðili að. Katharina er að vinna að skýrslu um slow travel á Íslandi og markað fyrir slíka ferðamennsku. Einnig skýrði Katharina frá skýrslu sem búið er að vinna vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar Hafíseturs og Laxaseturs.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Arnar sleit fundi kl. 10:50

Þóra Sverrisdóttir